



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2009

## Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 116 mál.

Tannlæknafélag Íslands þakkar fyrir að vera gefinn kostur á að koma með athugasemdir við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Tannlæknafélagið fagnar því að loksins hylli undir að þessi lög verði afgreidd frá Alþingi. Nú þegar mælt er fyrir því öðru sinni er ljóst að tannsmiðir bætast í hóp heilbrigðisstétta. Tannlæknafélag Íslands fagnar því að nú skulu tannsmiðir verða heilbrigðisstarfsmenn og vera færðir undir sömu lög og eftirlitsstofnanir og tannlæknar. Tannlæknafélagið telur það mikilvægt fyrir réttindi sjúklinga að sömu skyldur verði lagðar á tannsmiði og aðrar heilbrigðisstéttir t.d. hvað varðar tryggingar, þagnarskyldu o.s.frv. Almennt má segja að mikið er af reglugerðarloforðum í frumvarpinu og ráðuneytinu fært mikið vald.

### 23.gr. Hófsemi.

Hér er nánari útskýringa þörf og í hvaða tilfellum reynir á þetta ákvæði. Hefur þetta verið sérstakt vandamál hjá heilbrigðisstéttum? Í siðareglum tannlækna er kveðið á um skyldur tannlækna þar sem þeir eru skuldbundnir að þjóna skjólstæðingum af fagmennsku og réttsýni.


### 24.gr. Kynningar og auglýsingar.

Hér eru rýmkaðar reglur til auglýsinga til mikilla muna og því telur Tannlæknafélagið mikilvægt að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði sem fyrst. Félagið er jafnframt hlynt því að þessi ákvæði séu komin í nútímalegra horf.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er ekki alveg farið með rétt mál þar sem vísað er til tannfræðinga, en þar er komin breyting á reglugerð um tannfræðinga nr 638/1987 breyting nr. 649/2009.

Tannlæknafélagið gerir ekki aðrar athugasemdir við þetta frumvarp

Fyrir hönd Tannlæknafélags Ísland

  
Sigurður Benediktsson, formaður TFI